



## Fundargerð

### 8. fundar Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn hjá SFU Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimmtudaginn 23. maí 2019 kl. 18:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Rán Freysdóttir, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, Snjólfur Gunnarsson, og Bergþóra Birgisdóttir. Ingibjörg ritaði fundargerð og Kári stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

- 1. Adventura, bréf 2.5.2019. Beiðni um leyfi til að fá að aka með farþega á dráttarvélakerru um land sveitarfélagsins.**  
Nefndin tekur vel í þetta erindi með þeim skilyrðum að ekki verði farið um gróið land og að hávaða mengun hafi ekki truflandi áhrif á íbúa í nágrenninu né fuglalíf. Einnig bendir nefndin umsækjanda á að hafa samband ÍSAVIA ef fyrirhugað er að að keyra á flugbrautinni. Að öðru leiti vísar nefndin þessu til sveitastjórnar.
- 2. Úttektarmaður byggingarfulltrúa, bréf 16.5.2019. Óskað eftir umsögn vegna úttektar á brunahanakerfi Djúpavogshrepps.**  
Nefndin tekur undir niðurstöður fundar sem úttektarmaður byggingarfulltrúa átti með slökkviliðsstjórum BáA. Ljóst er að fara þarf yfir það með hvaða hætti megi bæta og auka þrýsting á ákveðnum stöðum í kerfinu.  
Nefndin leggur til að stofnaður verði þriggja manna vinnuhópur sem skipaður verði formanni SFU auk Rúnars umsjónamanni fasteigna og Skúla varamann í SFU.  
Markmið vinnuhópsins er að fara yfir og kortleggja vatnsveituna með tilliti til legu, tegundar og sverleika laganna. Hópinum er síðan ætlað að skila kostnaðargreindum tillögum að heildstæðum endurbótum á vatnsveitunni. Vinnu hópsins skal lokið í síðast lagi í október 2019 þannig að tillögur hans geti nýst við gerð fjárhagsáætlunar 2020.
- 3. Úttektarmaður byggingarfulltrúa, bréf 20.5.2019. Ósk um umsögn vegna byggingaráforma á Núpi við Berufjörð.**  
Nefndin gerir ekki athugasemd við byggingaráformin svo framalega að fullnægjandi gögnum er þarf til framkvæmdar hafi verið skilað

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir  
Bergþóra Birgisdóttir  
Snjólfur Gunnarsson

Kári Snær Valtingojer

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:40. Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, fundarritari.